



Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,46% af hús- og lóðarmati

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðamati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,6% af hús- og lóðamati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,62 kr. á m² að lágmarki 8.300 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 20.300,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2016.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduóssbæ 1. desember 2015.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 51.500,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2015 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 2.432.098 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.065.744 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.623.643 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 4.669.093 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

7. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

8. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduóssbæjar eigi síðar en 1. júní 2016.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2016. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og er hann sendur þeim sem þess óska. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduóssbæjar eða í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduóssbæjar 8. desember 2015.

Sveitarstjórnin á Blönduósi, 27. janúar 2016

Arnar Þór Svevarsson